

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. des..2002

Umsögn Íslenska Vatnsfélagsins ehf. um Þingskj.13, um neysluvatn.

Hæstvirt Iðnaðarnefnd Alþingis hefir sent ÍV til umsagnar þingskjal nr. 13, sem er Þingsályktunartillaga um neysluvatn, flutningsmaður Katrín Fjeldsted. Stjórn ÍV fagnar af heilum hug tillögu þessari, sem er löngu tímabær að mati okkar í stjórn ÍV og allra hluthafa þess. Í upphafi þykir undirrituðum rétt að gera nokkra grein fyrir Íslenska Vatnsfélaginu ehf.

1. Heiti félags og heimili : Íslenska Vatnsfélagið ehf., kt.540700-2490, hjáheiti þess er Icelandic Water Company Ltd. Félagið var stofnað þ.19 maí árið 2000 og er heimili þess að Garðastræti 37, 101 Reykjavík. Starfstöð þess er að Hafnarskeiði 17 í Þorlákshöfn, en þar rekur félagið átöppunarverksmiðju fyrir drykkjarvatn, aðallega til útflutnings. Tilgangur félagsins, sbr.3.gr samþykktu þess, er fyrst og fremst framleiðsla á drykkjarvatni í neytendaumbúðum, sem fram fer í verksmiðju félagsins að Hafnarskeiði 17 í Þorlákshöfn.

2. Meginmarkmið og saga ÍV : Allt frá stofnun félagsins var það ásetningur þess, að leggja áherslu á átöppun drykkjarvatns fyrir erlenda aðila, sem leituðu til félagsins og létu ÍV framleiða undir sínum eigin vörumerkjum. Stofnendum var ljóst þegar í upphafi að útilokað væri fyrir íslenskt fyrirtæki að keppa á erlendum vatnsmörkuðum við þá “risa”, sem ráðið hafa heimsmarkaðnum í krafti fjármagns, sem útilokar samkeppni íslenskra fyrirtækja. Markaðssetning eigin vörumerkis er svo óhemju dýr, að jafnvel fjársterkir aðilar, á íslenskan mælikvarða, hafa gefist upp vegna þessa. Má nefna Akva á Akureyri, Vatnsfélag Suðurnesja og Þórsbrunn þessu til stuðnings. ÍV kaus því þegar í upphafi að haga markaðssókn sinni þannig, að fá kaupendurna til sín og láta þá um baráttuna við áðurnefnda “risa” á markaðnum.

Við stofnun félagsins töldu hluthafar að sala framleiðslunnar myndi koma af sjálfu sér ! Svo varð náttúrulega ekki. Loforð frá erlendum aðila, sem byggt var á var ekki efnt. Þar með hófst barátta við sölu framleiðslunnar, sem enn stendur. Félagið eða öllu heldur allir hluthafar þess gengu í sölumálin. Sett var upp heimasíða og sýnishorn send út um allar jarðir í framhaldi af fjölmörgum fyrirspurnum, sem félaginu bárust. Undanfarna mánuði hefir stjórn félagsins og helstu hluthafar þess unnið að því að fá til liðs við félagið nýja hluthafa, sem leggðu félaginu til nauðsynlegt fjármagn til að tryggja áframhaldandi rekstur þess. Þrátt fyrir að núverandi hluthafar séu nýlega búnir að auka hlutfé félagsins úr Kr.5.000.000.- í Kr. 20.000.000.- er lausafjárstaða félagsins afar slæm um þessar mundir. Hugmyndir stjórnar eru að ljúka því starfi, að fá inn nýja hluthafa til að unnt sé, að greiða öllum kröfuhöfum skuldir sínar, hugsanlega með einhverjum staðgreiðsluafslætti eða samningum um uppgreiðslu. Félagið hyggst ekki leita eftir nauðasamningum við lánardrottna sína. Félagið er nú að ræða við erlenda og innlenda fjárfesta, sem lýst hafa miklum áhuga á að ganga til liðs við félagið



enda mjög stórir viðskiptasamningar, ýmist undirritaðir eða í bígerð, sem tryggja ættu framtíðarrekstur félagsins. Íslenska Vatnsfélagið ehf. var stofnað af einstaklingum, sem trúá á framtíð útflutnings á drykkjarvatni frá Íslandi. Stofnsetning félagsins reyndist tímafrekari en ætlað var í fyrstu og sala félagsins á framleiðslu sinni reyndist torveldari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Félagið keypti tvær vélasamstæður af innlendum aðilum, sem hætt höfðu starfsemi, þ.e. annarsvegar af Vatnsfélagi Suðurnesja hf. og Akva hf. á Akureyri. Vélasamstæður þessar voru settar niður í leiguhúsnæði félagsins að Hafnarskeiði 17 í Þorlákshöfn. Félagið yfirtók jafnframt viðskiptasambönd frá Akva, sem sköpuðu sölu félagsins á árinu 2001, ca. Kr.50 milljónir króna Niðursetning vélanna svo og standsetning leiguhúsnæðisins reyndust félaginu þungar í skauti fjárhagslega. Öll þessi fjárfesting var fjármögnuð með skammtímalánnum að mestu. T.d. leitaði félagið aldrei til opinberra aðila um styrki eða langtímalán. Ástæða þessa var fyrst og fremst sú, að þegar á árinu 2001 hófust viðræður við fjárfesta í Bretlandi, sem hugðust koma inn í félagið sem hluthafar. Þær viðræður stóðu í 8 mánuði, eða fram í febrúar 2002. Um er að ræða mjög fjársterka aðila, sem nú hafa ákveðið að ganga til liðs við Íslenska Vatnsfélagið ehf., að lokinni neytendakönnun á neyslu drykkjarvatns á Lundúnavæðinu, sem nú er verið að hleypa af stokkunum. Eftir ítarar kannanir þessara aðila undanfarið ár hafa þeir nú sannfærst um markaðsmöguleika framleiðsluvöru Íslenska Vatnsfélagsins.

Á árinu 2002 hefur sala félagsins hraðminnkað vegna óhagstæðra samninga, sem félagið yfirtók frá Akva eins og áður sagði. Útflutningur félagsins samkvæmt samningum þessum var aðallega til Danmerkur og Canada.

Þann 29. nóvember sl. sótti stjórn ÍV um greiðslustöðvun, sem væntanlega verður samþykkt af Héraðsdómi Reykjavíkur þ. 27. desember til næstu tveggja mánaða. Staða ÍV er því tvísýn um þessar mundir, en stjórn og hluthafar hyggjast berjast til þrautar því öll erum við sannfærð um að meginstefna félagsins sé viðskiptalega rétt. Þau verð, sem ÍV getur boðið á erlendum mörkuðum, bæði í Evrópu og vestanhafs eru fyllilega samkeppnishæf. Það höfum við sannreynt á undanförunum misserum.

Umsögn ÍV um þingskjal nr. 13. : Eins og áður sagði fagnar stjórn ÍV framlagningu þessa máls. Í greinargerð er að finna miklar upplýsingar um neysluvatn og viðskipti með það í heiminum. Undirritaður telur framtak flutningsmanns mjög lofsvert því að á undanförunum árum hefir skapast mjög neikvæð umræða um vatnsútflutning vegna þeirra ófara, sem frumkvöðlar hafa lent í. Stjórn ÍV og allir hluthafar þess eru enn á þeirri skoðun að útflutningur neysluvatns eigi eftir að verða einn alstærsti þátturinn í útflutningi Íslendinga á þessari öld. Í greinargerðinni eru í reynd tilgreindar allar þær ástæður, sem við byggjum þessa trú okkar á.

ÍV hefir gert vatnstökusamning við Ölfus (Þorlákshöfn) til 25 ára og jafnframt fengið vilyrði fyrir lengri samningi. Kaupendur neysluvatns leggja höfuðáherslu á lengd slíkra samninga vegna þess gífurlega kostnaðar, sem lagður er í markaðssetningu af hálfu kaupendanna.

Eftir því sem undirritaður veit best eru nú starfandi tvö fyrirtæki í útflutningi á neysluvatni. Það segir sína sögu. Íslendingar hafa til þessa ekki borið gæfu til að standa rétt að þessari útflutningsgrein. Það er sorglegt að mati undirritaðs. Ég er þess fullviss að opinber skilningur, að ekki sé talað um einhvern fjárhagslegan stuðning, myndi gjörbreyta viðhorfi almennings og ráðamanna fjármálastofnana til þessarar útflutnings-



greinar. Það er mál til komið að þessi útflutningsgrein nái þeim sess, sem henni ber í útflutningi Íslendinga.

Ég leyfi mér að lokum, aðallega til fróðleiks fyrir nefndarmenn í hæstvirkri Iðnaðar-nefnd, að láta fylgja umsögn þessari Viðskiptaáætlun Íslenska Vatnsfélagsins ehf. frá því í októbermánuði 2002. Hún sýnir, svo ekki verður um villst, að arðsemi útflutnings á neysluvatni er annað og meira en draumórar bjartsýnismanna.

Stjórn ÍV vill að lokum þakka flutningsmanni umræddrar þingsályktunartillögu fyrir lofsvert og tímabært framtak.

F. h. Íslenska Vatnsfélagsins ehf.

Bergur Guðnason, form. stjórnar.

Meðfylgjandi :

Viðskiptaáætlun Íslenska Vatnsfélagsins ehf.
dags. 22. október 2002.